



Bygðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/765
komudagur 19.2.2002

Dagsetning
18. febrúar 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 131, tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur mikilvægt að gerðar verði nauðsynlegar rannsóknir til að auka líkur á því að nýting kúfskeljar verði með sjálfbærum hætti.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi á þróunarsviði Bygðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 127/887
komudagur 26.2.2002



Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2002.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar.

Það er skoðun FÍN að rannsóknir séu forsenda sjálfbærrar nýtingar á kúfskel við landið og er FÍN eindregið fylgjandi því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

FÍN vill þó benda á að ekki er hægt að gefa sér að niðurstöður vistfræðirannsókna tryggi rekstraröryggi ákveðinna veiðiréttarhafa sbr. markmið í ofangreindri þingsályktunartillögu. Með vistfræðirannsóknum er hins vegar hægt að lýsa því umhverfi sem rekstraraðili þarf að miða rekstur sinn við. FÍN tekur ekki afstöðu til þess hvaða veiðaréttarhöfum sé tryggt rekstraröryggi en styður eindregið sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga,

Ína Björg Hjálmarsdóttir
Formaður FÍN

Ingvar Atli Sigurðsson
Formaður umhverfisnefndar FÍN



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. Þ 127/809

komudagur 20.2.2002

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18.02.2002

Tilv. 21.9.1/KÚF

ÓSÁ/ec

Málefni: Þingsályktunartillaga (127. löggj. þing, þskj. 131 - 131. mál) varðandi rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar.

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar varðandi ofangreint málefni þingmanna Samfylkingar dags. 8. febrúar 2002 um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar við Ísland. Í greinargerð kemur fram að kanna skuli útbreiðslu og magn tegundarinnar utan þekktra veiðisvæða og veiðidýpis, meta þurfi veiðipól á núverandi veiðisvæðum og að gera þurfi nauðsynlegar líffræðilegar rannsóknir til að tryggja að nýting kúfskeljar sé með sjálfbærum hætti.

Eins og fram kemur í greinargerð hófust rannsóknir á kúfskel á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar að nýju árið 1994 eftir að hafa legið niðri frá árinu 1987. Sérstakur styrkur kom frá Ríkissjóði til könnunar á útbreiðslu og stofnstærð kúfskeljar við Norðvesturland, Norður- og Austurland, þar sem til stóð að fara að veiða og vinna kúfskel til manneldis.

Til rannsóknanna var leigt eina kúfskelveiðiskip landsins á þeim tíma, Æsa frá Flateyri. Rannsóknirnar stóðu yfir frá 15. janúar til 8. mars við Norðvesturland og 26. maí til 21. júní við Norður- og Austurland. Rannsakað var magn kúfskeljar á ákveðnu dýptarbili sem ákvarðaðist af veiðigetu skipsins. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að stofnstærðin á því svæði sem könnuð var í leiðöngrunum var rúm 313 þús. tonn.

Frá árinu 1994 hefur Hafrannsóknastofnunin staðið fyrir ýmsum líffræðirannsóknum á kúfskel, en engar stofnstærðarathuganir hafa farið fram enda töluverður kostnaður við slíkar athuganir og áætluð lágmarksstofnstærð þekktra miða lengst af umfram nýtingargetu veiða og vinnslu.

Í dag er eitt skip við veiðar á kúfskel og ein verksmiðja við vinnslu. Þetta skip hefur mun meiri veiðigetu en eldri kúfskelveiðiskip höfðu, þar sem það getur veitt á meira dýpi og sótt á fjarlægari mið. Til að viðhalda núverandi veiðum úr stofninum og til að eiga möguleika á að auka þær er nauðsynlegt að kanna stofnstærð kúfskeljar víðar við land en gert hefur verið og á meira dýpi, þar sem grunur leikur á að kúfskel finnist í veiðanlegu magni mun dýpra en vitað er um í dag.

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

552-0240

Póstfax:

562-3790

Heimasíða:

<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:


librarian@hafro.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Eins og kemur fram í greinargerð þingsályktunartillögunnar nær kúfiskel mjög háum aldri, verður seint kynþroska, vöxtur er hægur og allt bendir til þess að nýliðunin sé lítil í stofninn. Þessi einkenni tegundarinnar gera það að verkum að hún er mjög viðkvæm fyrir ofveiði og ef of nálægt stofninum er gengið getur það tekið mörg ár fyrir hann að ná sér aftur. Rannsóknir á stofninum eru því undirstaða áframhaldandi nýtingar og má þar nefna rannsóknir á nýliðun, vexti og hreyfingu skeljanna í sjávarbotni sem getur haft mikla þýðingu fyrir veiðarnar.

Árið 1994 var tekið skref í þá átt að nýta kúfiskeljustofninn með því að veita takmörkuðu fjármagni til stofnstærðarathugana sem leiddu síðan til veiða og vinnslu á tegundinni. Reynslan sem fengist hefur á þessum árum við veiðar, vinnslu, markaðssetningu og aukning á þekkingu á tegundinni hefur leitt í ljós að hér er um nýtanlega auðlind að ræða. Kúfiskel verður þó ekki nýtt á skynsamlegan hátt á nýjum svæðum nema að undangengnum frekari rannsóknum.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Ólafur S. Ástþórsson

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI, TRYGGVAGÖTU 11 · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354-550 9500 · TELEFAX 354-550 9501

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/836
komudagur 21.2.2002

Reykjavík, 20. febrúar 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á kúfskel

Samtökin hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar (131. mál, þskj. 131).

Meginefni tillögunnar er "...að fela sjávarútvegsráðherra að standa hið fyrsta fyrir rannsóknnum á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar umhverfis Ísland." Markmið tillögunnar er því að breyta forgangsröðun rannsóknarverkefna Hafrannsóknastofnunarinnar. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að skoða hvort skynsamlegt sé að veita rannsóknnum á kúfskel sérstakan forgang umfram þau mörgu brýnu rannsóknarverkefni sem Hafrannsóknastofnunin sinnir eða bíða úrlausnar. Mikilvægt er að ákvarðanir um forgangsröðun verkefna á sviði hagnýtra rannsókna taki mið af líklegum efnahagslegum ávinningi sem af rannsóknnum leiðir.

Samtökin benda á, að um þessar mundir er unnið á Hafrannsóknastofnuninni að gerð rannsóknna- og starfsáætlunar fyrir árin 2002-2006. Eðlilegast væri að leggja mat á tillögur um rannsóknir á kúfskel í tengslum við þá áætlanagerð.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson

19. febrúar 2002

Nefndarsvið Alþingis
b.t. sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Varðar: 56. mál.

Till. til pál. um rannsóknir á þorskeldi.


Samtök fiskvinnslustöðva gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

X Varðar: 131. mál.

Till. til pál. um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfiskeljar.

Samtök fiskvinnslustöðva eru hlynnt auknum rannsóknum á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfiskeljar og mæla með að rannsóknirnar nái á sama hátt til hörpudisks.

Virðingarfyllst,



Ágúst H. Elíasson,
Samtök fiskvinnslustöðva.

Alþingi
Erindi nr. 127/808
Þomudagur 20.2.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. febrúar 2002


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á útbreiðslu og veiðipoli kúfskeljar, 131. mál.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að hafnar verði skipulegar rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar hér við land. Sérstaklega gerir tillagan ráð fyrir því að könnuð verði útbreiðsla og magn skeljarinnar utan þekktra veiðisvæða og veiðidýpis ásamt því að veiðipól skeljarinnar verði metið á þekktum veiðisvæðum.

Til viðbótar skal rannsakað, eins og kostur er, hvað þarf til að koma til þess að veiðarnar séu sjálfbærar í framtíðinni. Markmið rannsókna er að tryggja sjálfbæra nýtingu á núverandi veiðisvæðum og finna ný mið til þess að skjóta sterkari stoðum undir þessa atvinnugrein á komandi árum.

Með tillögunni fylgir ítarleg greinargerð þar sem m.a. er getið fyrri rannsókna sem eru fyrst og fremst um of staðbundnar til þess að þær geti nýst sem heildarúttekt á þessum stofni hér við land. Þess vegna er nauðsynlegt að nýjar rannsóknir komi til sem allra fyrst til þess að byggja á nýtingu stofnsins í næstu framtíð.

Vélstjórafélag Íslands telur að hér sé þarft mál á ferðinni og styður efnisatriði þess.

Virðingarfyllt
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 bréfasími: 562 9096
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sebóli 29 350 Grundarfirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri sími: 4621870
Suð-Asturlandi: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255
Deildir: Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík
Vestmannaeyjum: Básam Bäsaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum